

2. mál Umræða um fjárhagslega hagsmuni borgarfulltrúa (að beiðni Ólafs F. Magnússonar)

Ólafur F. Magnússon: Forseti. Sú umræða sem ég hef óskað hér eftir varðandi fjárhagslega hagsmuni borgarfulltrúa, þar með talin fjárhagsleg tengsl þeirra og eignastöðu er mjög brýn. Mér hefur lengi þótt það blasa við að aðstæður væru mjög ólíkar, ekki bara innbyrðis milli borgarstjórnarflokkanna hér heldur milli einstaklinga. Þeir hafa mjög ójafnan aðgang að fjármunum annarra til að afla sér atkvæða og brautargengis hér á þessum vettvangi og ég vil einfaldlega fá þessa hluti upp á borðið. Og svo mjög gekk fram af mér að horfa upp á prófkjör Sjálfstæðisflokksins nýlega og fjáraustið í því sambandi, þar sem ég vil hins vegar óska Samfylkingunni til hamingju að það var vægast sagt meiri reisin yfir þeirra prófkjöri og ég veit að það verður meiri reisin yfir prófkjöri Vinstri grænna, því að fjáraustið og valdagræðgin sem birtist í prófkjöri sjálfstæðismanna var með þeim endemum að ég get ekki orða bundist. Og ég ætla í stuttu og skýru máli hér að leggja fram mína eignastöðu, mín fjárhagslegu tengsl, hvar ég stend, fyrir hvað ég stend hér í Borgarstjórn Reykjavíkur og gera kröfu um það að aðrir sem eru í framboði til borgarstjórnar og sitjandi borgarfulltrúar geri slíkt hið sama. Menn eru ekki hæfir til að sitja í Borgarstjórn Reykjavíkur ef að þeir eru að fela leynda fjárhagslega hagsmuni, styrki eða stór eignatengsl fyrir borgarbúum, þá eru þeir vanhæfir í flestum atkvæðagreiðslum hér, eins og dæmin sanna. Og ég legg fram svohljóðandi bókun og um leið tillögu:

Að minni ósk fer hér fram umræða um fjárhagslega hagsmuni borgarfulltrúa, þar með talið eignastöðu þeirra og fjárhagsleg tengsl. Eins og segir í auglýsingu borgarmálafélags F-listans í Fréttablaðinu í dag, þá mun ég gera ítarlega grein fyrir eignastöðu minni á borgarstjórnarfundi í dag og krefjast þess að aðrir borgarfulltrúar geri slíkt hið sama. Mikill fjáraustur sumra sigursælla frambjóðenda í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins rennur stoðum undir vísbendingar um að fjárhagsleg tengsl og að eignastaða þeirra geri þá vanhæfa til að gegna trúnaðarstörfum sem kjörnir fulltrúar Reykvíkinga. Um síðast liðin áramót var eignastaða mín með eftirfarandi hætti:

1. Fasteignin Vogaland 5 í Reykjavík, helmings eignarhluti. Fasteignamat eignarinnar skv. mati sem tók gildi 31. desember sl. var kr. 71 milljón 250 þús. kr. og er helmingshluti þess 35 milljón 625 þús. kr. Á eigninni hvíla tvö lán frá Lífeyrissjóði lækna annars vegar og frá Spron hins vegar, síðar Kaupþing og Arionbanki. Upphafleg staða lánanna við kaup á húsinu var kr. 3,8 milljónir en er núna um kr. 1 milljón og verða lánin fullgreidd á næsta ári.

2. Bifreiðin KI K56 sem er af gerðinni Toyota Rav4 árgerð 2007, kaupverð í nóvember 2007 var um kr. 3,3 milljónir.
3. Launareikningur minn hjá Arionbanka nr. 554482 vegna borgarfulltrúastarfsins, inneign um síðastliðin áramót var kr. 583 þús.
4. Viðskiptalaunareikningur minn hjá Arionbanka nr. 004482 vegna læknisstarfsins, staða reikningsins um síðastliðin áramót var kr. 277 þús. að teknu tilliti til yfirdráttarheimildar sem er kr. 1,5 milljónir. Þannig að innistæða reikningsins var neikvæð um rösklega kr. 1200 þús.

Um leið og ég legg fram mína eigin eigna- og fjárhagsstöðu með ofangreindum hætti vil ég leggja fyrir fundin ósk um að svohljóðandi tillaga verði tekin á dagskrá fundarins:

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að frambjóðendur til borgarstjórnar í vor ásamt sitjandi borgarfulltrúum sé gert skylt að gera grein fyrir eignastöðu sinni, bæði fasteignum, bifreiðaeign og bankainnistæðum.

Ég legg hér fram þessa bókun og með ósk að gengið verði til atkvæða um það hvort tekið verði á dagskrá tillaga mín; að þess sé krafist að þeir sem á annað borð gefa kost á sér til borgarstjórnarstarfa geri þá grein fyrir eignastöðu sinni, fasteignum, bifreiðaeign og bankainnistæðum af gefnu tilefni, því að það er hávær umræða um að það sé ekki allt með felldu hjá öllum frambjóðendum Sjálfstæðisflokksins.

Forseti: Forseti ber upp tillögu um afbrigði, um það hvort að þessi tillaga fari á dagskrá borgarstjórnar [frammikall – Ólafur F. Magnússon: ég vil nafnakall ...]. Forseti óskar eftir því að tillöguflýgjandi ræði við forseta stuttlega.

Ólafur F. Magnússon: Að lokinni umræðu hér með forseta þá hef ég ákveðið að falla frá óskinni um nafnakall og vona að borgarfulltrúar beri gæfu til að leyfa tillögunni að komast á dagskrá.

Forseti: Nú, þeir borgarfulltrúar sem að samþykkja afbrigði til að tillöguna megi taka á dagskrá gefi merki. Þeir sem kunna að vera á móti. [frammikall]. Það er óskað eftir endurtekinni atkvæðagreiðslu og frestun. Við gerum 2 mínútna fundarhlé.

Forseti: Þá er fundur settur aftur og atkvæðagreiðsla endurtekin. Hér eru greidd atkvæði um það að taka tillöguna á dagskrá. Þeir sem eru sammála því gefi merki.

Bstj. 2. febrúar 2009

Það er samþykkt einróma. Forseti mun nú óska eftir því að tillagan verði fjölrituð og dreift til borgarfulltrúa, þannig að þeir geti kynnt sér hana og verði síðan tekin til afgreiðslu hér síðar á fundinum.

2. mál Umræða um fjárhagslega hagsmuni borgarfulltrúa (að beiðni Ólafs F. Magnússonar)

Ólafur F. Magnússon: Forseti, ég vil lýsa ánægju minni með það að þessi þýðingarmikla tillaga sé tekin á dagskrá og mér finnst að borgarfulltrúar hafa sýnt af sér nýja tilburði í framkomu við þann sem hér talar og í viðbrögðum við tillöguflutningi hans með því að taka þessa tillögu á dagskrá og leyfa að hún sé rædd og gengið til atkvæða um hana, því að þetta er nýtt. Og það er meðal annars þess vegna sem ég bið um frestun á umræðu hér um tillögurétt og málfrelsi í Borgarstjórn Reykjavíkur, að ég tel að það að þessi tillaga sé yfirhöfuð tekin á dagskrá marki viss tímamót í umræðu hér í Borgarstjórn Reykjavíkur. Það er algjörlega nýtt að tillögum mínum sér ekki ýtt út af borðinu án frekari umræðu. Þannig að ég þakka enn og aftur borgarfulltrúum fyrir að hafa sýnt þann lýðræðislega þroska að leyfa þessa umræðu. Ég ítreka þakkar mínar til forseta og borgarfulltrúa.

Forseti: Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lokið máli sínu. Og þá tekur næstur til máls borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

2. mál Umræða um fjárhagslega hagsmuni borgarfulltrúa (að beiðni Ólafs F. Magnússonar)

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég vil byrja á því að þakka borgarfulltrúanum fyrir þennan tillöguflutning. Það má segja að þetta sé sprottið af sömu rót og tillögur Samfylkingarinnar sem fluttar hafa verið bæði í borgarráði og hér í sölum borgarstjórnar áður, síðast í janúar síðastliðinn, um að borgarfulltrúar skuli gera grein fyrir fjárhagslegum hagsmunum, gjöfum og öðru sem að geti varðað hæfi þeirra eða á að vera uppi á borðinu, vegna þess að menn eiga ekki að vera dómamar í eigin sök í því efni. Og það er skemmst frá því að segja að borgarstjórn samþykkti reglur og borgarráð þar áður á grundvelli þeirra tillagna eftir töluverða vinnu og umræður. Niðurstaðan var að taka mið af reglum sem að gilda á Alþingi um þetta og eftir því sem ég veit best á nú að leiða í lög í gegnum þingsköp.

Lögfræðilega athugunin sem að var gerð í þessu máli, það er að segja við undirbúning þess sem laut líka að setningu siðareglna dró fram að það væri æskilegt að fá lagastoð fyrir bæði siðareglum og svona skuldbindandi reglum á vettvangi sveitarstjórna til þess að það væri afdráttarlaust og hægt væri að skylda kjörna fulltrúa. Í raun má segja að með þessari tillögu sé hér komin upp nýr vinkill á þessu, það er að segja hverjar eru valdheimildir borgarstjórnar til þess að skylda frambjóðendur sem ekki eiga sæti í borgarstjórn en eru að hyggja á framboð til þess að þeir verði að falla undir svipaðar reglur og við höfum þegar sett okkur. Þessi tillaga gengur reyndar aðeins lengra en er samt hluti af þeim umræðum sem að þarna fóru fram og okkur er nokkur vandi á höndum finnst mér, einhvern veginn að afgreiða þetta svona án þess að hafa aðeins farið yfir þessa svona lögfræðilegu umgjörð.

Ég mundi nú eiginlega leggja til að þessu yrði þá vísað inn til forsætisnefndar sem var með þessi mál og gæti skoðað það hvort að þurfi lagabreytingu til að festa einhverjar svona reglur í sessi gagnvart frambjóðendum sem ekki nú þegar eiga sæti í borgarstjórninni, því að það eru viss fordæmi fyrir því að reglur nái til frambjóðenda jafnvel sem ná aldrei kjöri. Því að lögin um fjármál stjórnmalaflokka og frambjóðenda ná til til dæmis prófkjörsframbjóðanda algjörlega óháð því hvort þeir nái kjöri. Þannig að ég vil alls ekki útiloka að á

einhverju stigi og kannski bara sem fyrst verði settar svona reglur í borgarstjórn. En ég held að við verðum að fara okkur svolítið varlega í að setja reglur án þess að vera viss um það hvort að við séum með traustan lagagrundvöll fyrir því. Vegna þess að það getur bara verið túlkað sem að við séum að búa til einhverja óeðlilega þröskulda fyrir hugsanlega ný framboð, sem getur bara verið eðlilegur hluti af lýðræðinu. Þannig að þetta leggst svona í mig.

Ég tek það fram að ég hef auðvitað ekki haft mikinn tíma til þess að kynna mér þetta, en mér fyndist eðlileg og málefnaleg málsmeðferð að forsætisnefnd mundi fara yfir þetta mál, fá einhverja lögfræðilega rýningu á þetta hjá einhverjum af þeim sérfræðingum sem að unnu með okkur að setningu siðareglna og mundu skoða þetta álita mál sem að hefur ekki komið upp áður, það er að segja að hvaða marki getur borgarstjórn sett reglur sem ná ekki bara til borgarstjórnar og kjörinna fulltrúa á þessum vettvangi heldur líka til þeirra sem að eru á leiðinni í framboð til borgarstjórnar.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið máli sínu. Og þá tekur til máls hæstvirtur borgarstjóri.

2. mál Umræða um fjárhagslega hagsmuni borgarfulltrúa (að beiðni Ólafs F. Magnússonar)

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég tek undir með borgarfulltrúa Degi B. Eggertssyni að þetta er nokkuð flókið fyrir okkur hér og svona fyrstu lögfræðileg viðbrögð sem að fást hér eru þau að vald borgarstjórnar nái ekki til þess að gera þessa hluti og við getum sett skyldur á hendur, hvorki reyndar núverandi borgarfulltrúum né borgarfulltrúum framtíðarinnar. Eins og við öll þekkjum hér þá setti borgarráð á fundi sínum 29. október sl. reglur á skráningu á fjárhagslegum hagsmunum borgarfulltrúa og trúnaðarstörfum utan borgarstjórnar ásamt því sem að þessu var vikið í siðareglum kjörinna fulltrúa sem að allir hafa undirritað. Þannig að það liggur allt saman fyrir og breytir talsvert umhverfinu hér til samræmis við það sem að hefur verið að gerast til dæmis á Alþingi og víða í kringum okkur og þessar reglur tóku gildi við samþykkt borgarráðs á þessum tíma og upplýsingar voru birtar á heimasíðu Reykjavíkurborgar á grundvelli þeirra 1. desember sama ár. Og þar er gert ráð fyrir að reglurnar verði yfirfarnar og endurskoðaðar eftir þörfum að minnsta kosti árlega. Þannig að eins og ég segi, fyrsta lögfræðilega ráðgjöfin héðan er sú að okkur sé þetta ekki heimilt skv. núgildandi lögum. En ég segi eins og Dagur B. Eggertsson, það er ekkert að því að fara yfir þetta sameiginlega á vettvangi forsætisnefndar ef að menn geta felld sig við það. Og auðvitað er það líka þannig að allir geta gert líkt og borgarfulltrúinn gerði hér áðan að lýsa sinni eignastöðu það væri ekki flókið fyrir þá sem hér stendur að segja frá því að eiga eitt raðhús og einn bíl og eiginlega engar bankainnistæður. En það er eittvað sem við þurfum að skoða í samhengi eins og borgarfulltrúinn Dagur B. Eggertsson nefndi, að við getum ekki samþykkt eitthvað hér sem að ekki stenst lög og þar sem að tillagan var ekki send út með gögnum, heldur er hún tekin hér inn með afbrigðum á fundinum, þá tek ég undir málsmeðferðartillögu borgarfulltrúa Dags B. Eggertssonar um að vísa henni inn til forsætisnefndar.

Forseti: Háttvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson.

2. mál Umræða um fjárhagslega hagsmuni borgarfulltrúa (að beiðni Ólafs F. Magnússonar)

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson: Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Mér finnst sjálfsagt að þessi tillaga borgarfulltrúa Ólafs F. Magnússonar að hún verði yfirfarin og þá er ekkert óeðlilegt að henni verði vísað til forsætisnefndar. Fjármál borgarfulltrúa/frambjóðenda hafa með einum eða öðrum hætti verið rædd í forsætisnefndinni í tengslum við siðareglur borgarfulltrúa og mér finnst ekkert óeðlilegt að borgarfulltrúar og talandi þá bara um aðalborgarfulltrúa fyrst og fremst, hugsanlega líka varaborgarfulltrúar að þeir geri grein fyrir sínum fjármálum, mér finnst það bara sjálfsagður hlutur. Vegna þess að ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að þeir sem gefa kost á sér, þeir starfa fyrir sveitarfélög og ekki síst fyrir þetta stóra sveitarfélag sem heitir Reykjavík að þeir hafi sín fjármál í lagi. Og ég hef sagt það stundum að þeir sem að hafa ekki sín eigin fjármál í lagi að þeir eru ekki hæfir til að stjórna sveitarfélögum. Það er nú bara einfaldlega svo.

Ég geri þá kröfu til þeirra sem gefa kost á sér í opinber störf að þeir hafi sín fjármál í lagi og þess vegna er ég þeirrar skoðunar að það sé sjálfsagt að velta upp, eins og okkar samþykktir og lög segja til um, velta því upp og ræða það í forsætisnefnd hversu langt við eigum að ganga. Hér í tillögum segir, með leyfi forseta: „Að borgarfulltrúum sé gert skylt að gera grein fyrir eignastöðu sinni, bæði fasteignum, bifreiðaeign og bankainnistæðum“.

Auðvitað koma ýmis önnur atriði til greina þegar verið er að ræða um fjármál einstakra kjörinna fulltrúa eða eignastöðu og þess háttar, auðvitað erum við væntanlega að ræða um þegar er verið að ræða um eignastöðu þá, jú, það er rætt um fasteignir og það er rætt um bifreiðaeignir, það geta verið sumarbústaðaeignir, það geta verið eignir í innlendum og erlendum bönkum, það geta verið hlutabréf, það geta verið lífeyrissjóðsréttindi. Ég held að ef menn ætla að fara að taka þetta og ræða þetta af einhverri alvöru, þá verður auðvitað að taka fyrir alla þætti, það verður allt að vera uppi á borðinu hvað þetta varðar. Og þess vegna lýsi ég því yfir að forsætisnefnd hún mun fara mjög rækilega ofaní saumana á þessu máli og gera síðan borgarráði grein fyrir þeirri vinnu og mun ekki standa á forsætisnefnd að hraða þessari vinnu eins og kostur er. Þessi mál eru mikið til umfjöllunar í dag, fjármál stjórnmalaflokka, fjármál kjörinna fulltrúa, hvort sem það eru

Bstj. 2. febrúar 2009

borgarfulltrúar, sveitarstjórnarmenn, alþingismenn eða aðrir og það er sjálfsagt að vanda vel til verka í þessum efnum. En gera það þó þannig að það sé ekki bara verið að tína fram einhver tiltekin atriði heldur þá séu bara spilin lögð á borðið. Og í þeim anda mun forsætisnefndin vinna að skoðun á þessu máli.

Forseti: Borgarfulltrúi Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson hefur lokið máli sínu. Þá tekur næstur til máls borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson.

2. mál Umræða um fjárhagslega hagsmuni borgarfulltrúa (að beiðni Ólafs F. Magnússonar)

Porleifur Gunnlaugsson: Forseti, borgarfulltrúar. Ég er hugsi yfir þessari tillögu og sáttur við málmeðferðartillögu borgarfulltrúa Dags B. Eggertssonar. Það er nú þannig að flestir stjórn málaflokkar í Reykjavík hafa klárað eða eru að klára forvöl eða prófkjör vegna borgarstjórnarkosninga og það er verið að ákveða í það minnsta sex efstu menn eða meira, sennilega meira yfirleitt. Og það er áleitinn spurning að mínu mati þegar að borgarfulltrúi Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson lýsir því hér yfir að aðeins þeir eigi að koma til greina, eins og ég skildi hann, að aðeins þeir eigi að koma til greina til framboðs fyrir stjórn málaflokka í borginni sem hafa fjármálin sín í lagi. Ég er mjög hugsi yfir þessu. Ég hefði sennilega ekki gert athugasemdir eða velt þessu fyrir mér fyrri tveimur árum síðan. En ég veit ekki hvað borgarfulltrúinn er að meina með því að segja að þeir sem hafi fjármálin sín í lagi eigi að koma til greina, vegna þess að við þurfum þá að fara yfir það hvað eru margir borgarbúar sem að við gætum þá reiknað með að hafi ekki fjármálin sín í lagi eins og staðan er í dag, eftir það fjármálahrún sem hefur riðið yfir okkur. Ég þakka borgarfulltrúa Ólafi F. Magnússyni fyrir orð hans gagnvart VG.

Það eru strangar reglur í okkar forvali og það er einfaldlega þannig að það eiga allir að geta tekið þátt í forvalinu án tillits til fjárhags, enda fer okkar forvalsvinna mjög lágt. Hún er mjög lágstemmd og menn taka ekki mikið eftir henni vegna þess að það er ekki mikið fé, það er ekki mikið fé í gangi. Það eru engar auglýsingar, það eru engir framboðsfundir, það eru engar kosningaskrifstofur. Og ég get sagt frá því hér að einn frambjóðandi ónefndur, einn af átján frambjóðendum, hafði samband við mig þegar að hann eða hún var að velja því fyrir sér að bjóða sig fram eða reyndar var búinn að ákveða það og hún var að spá í það hvernig best væri að standa að þessum málum, við höfum sameiginlegan forvalsbækling og hún var að gera textann í hann og svo sagði hún að hún væri bara með passamynd og hún yrði að nota hana og ég sagði við hana; ég var í myndatöku og það voru bara mjög góðar myndir en það kostaði bara tíu þúsund krónur þá var svarið; ég á bara ekki tíu þúsund krónur. Þannig er staðan hjá mörgu alþýðufólki í Reykjavík í dag. Fólk er búíð að missa vinnuna, fólk er jafnvel búíð að missa heimilin sín, íbúðirnar og fjárhagurinn er mjög slæmur. Og það er alls ekki þannig, ég er sko algjörlega á móti því, að þetta fólk geti ekki boðið sig fram

Bstj. 2. febrúar 2009

í borgarstjórn í Reykjavík. Þvert á móti þá geri ég allt til þess og reyni að aðstoða fólk í þessari stöðu til þess að vera jafnfætis okkur hinum í þeirri vinnu, af því að erindi þeirra, þess hóps sem er stöðugt að stækka og er raunverulega fátækur, er mjög mikið hingað inn í Borgarstjórn Reykjavíkur. Þannig að ég get ekki tekið heilshugar undir þessi orð borgarfulltrúa Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar að þeir eigi einir erindi í Borgarstjórn Reykjavíkur sem hafa fjármál sín í lagi

Forseti: Borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson.

2. mál Umræða um fjárhagslega hagsmuni borgarfulltrúa (að beiðni Ólafs F. Magnússonar)

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson: Virðulegi forseti. Mér finnst nú alveg ástæðulaust að vera að snúa út úr orðum mínum. Það sem að ég var að ræða um og ég tel, og ég er ekki að tala um núna akkúrat þetta áfall sem að þjóðin lenti í vegna bankahrunsins og græðgi í samfélaginu í heild sinni, græðgi. Ég er ekki að tala um þennan tíma núna, ég er að tala um almennt bæði í fortíð og til lengri framtíðar. Og auðvitað er ég ekki að tala um það fólk sem að hefur lent í fjárhagslegum erfiðleikum. Það eru nánast allir sem hafa lent í fjárhagslegum erfiðleikum og það er ekki það sama að lenda í fjárhagslegum erfiðleikum og síðan að stunda kannski óábyrga fjármálastjórn. Ég er ekki að bera því á brún að neinn hér innan borðs hafi gert það – ég er bara að tala almennt séð. Þá er það mikið atriði að þeir sem að fara með opinbera fjármálastjórn hvort sem að það er í sveitarfélögum eða á Alþingi að þeir hafi ákveðin grundvallargildi að stefnu þegar að þeir taka ákvarðanir í fjármálum.

En það má ekki og bið hérna vin minn borgarfulltrúann Þorleif Gunnlaugsson að vera ekki að snúa út úr fyrir mér, því að ég er ekki að tala um það fólk því að það er nánast flest allir, flest allir sem hafa lent í fjárhagslegum erfiðleikum um lengri eða skemmri tíma út af þessu sérstaka neyðarástandi sem á sér stað núna og er til staðar í þjóðfélaginu. En ég er að tala almennt um reglusemi í þessum hlutum sem eru svo mikilvæg og við sjáum bara hvernig fjármál sveitarfélaga hafa þróast á undanförunum árum, svo að ég tali nú um það. Þá er það alveg ljóst að fjármál Reykjavíkurborgar, Reykjavík er í þeim hópi þar sem að fjármálastjórnin ber af, en í öðrum sveitarfélögum þar er fjármálastjórnin afar slök og alls ekki bara boðleg. Við vitum þetta, við höfum rætt þetta í okkar hópi, þetta hefur verið rætt innan vébanda stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, þar sem að borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson er varaformaður. Það skiptir máli hvers konar fjármálastjórn er stunduð.

Forseti: Borgarfulltrúi Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson hefur lokið máli sínu. Þá tekur næstur til máls borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson.

2. mál Umræða um fjárhagslega hagsmuni borgarfulltrúa (að beiðni Ólafs F. Magnússonar)

Þorleifur Gunnlaugsson: Forseti, borgarfulltrúar. Ég vil leyfa mér að fagna orðum borgarfulltrúa Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar vegna þess að ég held að við þurfum þegar að við förum yfir og skoðum þessa tillögu borgarfulltrúa Ólafs F. Magnússonar að hafa það í huga það ástand sem er í dag. Þannig ég bara fagna þessum málum hans og við komum til með að skoða þessa tillögu í forsætisnefnd með opnum huga.

Forseti: Borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon.

2. mál Umræða um fjárhagslega hagsmuni borgarfulltrúa (að beiðni Ólafs F. Magnússonar)

Ólafur F. Magnússon: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég er yfir mig ánægður, nánast hræður yfir viðbrögðum borgarfulltrúa við tillögu minni. Oddvitar Samfylkingar, Vinstri grænna og Sjálfstæðisflokks hafa tjáð sig um málið með þeim hætti að ég get ekki annað en verið ánægður. Ég hefði að vísu frekar viljað að málinu væri vísað til borgarráðs, því að þetta er stórpólitískt mál og þarf að ganga hratt til verks til þess meðal annars að við sitjum ekki uppi með meint eignafólk í borgarstjórn eftir þessar kosningar, án þess að það hafi komið upp á borðið. Ég er sannfærður um það að það þola ekki allir borgarfulltrúar dagsljósið í þessum málum. Ég heyri að þeir sem að hafa tekið hér til máls um tillöguna eru með hreinan skjöld og ég fagna því, en ég vil ekki búa við það að hafa það á tilfinningunni að í borgarstjórn sitji fólk sem hefur auðgast ótæpilega án þess að leggja til vinnu eða heilindi í því sambandi, beitt öðrum aðferðum heldur en ég hef gert um ævina til að koma mér ágætlega fyrir í tvöföldu starfi sem læknir og borgarfulltrúi og ekki dregið af mér í vinnu án þess að verða eignamaður, en hef efni á því að búa í góðu húsi og ferðast um heiminn yfirleitt á eigin kostnað. En það er mjög þýðingarmikið að hér sitji fólk sem býr yfir heiðarleika og samkennd og sé gjörsamlega laust við þá græðgi sem kom þessari þjóð nánast á kné fyrir tveimur árum.

Og við vitum að hrunvaldar eru flestir í flokkunum sem að bjuggu til hrúnið Sjálfstæðisflokki og Framsóknarflokki, en sem betur fer eru líka hér menn af gamla góða skólanum sem ég átti samleið með í Sjálfstæðisflokknum á sínum tíma, menn eins og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson tvímælalaust einn hæfasti borgarfulltrúi sem hér hefur setið um árabíl og engan þekki sem kann jafn mikið um borgarmál, ég hef alltaf getað flett upp í Vilhjálmi Þ. Vilhjálmsyni í samstarfi við hann með honum í flokki sem annars staðar í Borgarstjórn Reykjavíkur. Við þurfum þannig fólk sem á annað borð gefur sig í stjórn málin, þeir sem verða atvinnustjórn málamenn þeir þurfa að búa yfir dugnaði og hæfileikum Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar og ég sakna þess að það sé ekki meira af svoleiðis fólki sem hér er að gefa kost á sér til starfa í stjórn málum á næstu misserum. Sakna þess að það skuli ekki vera meira af duglegu, hæfileikaríku, afkastamiklu fólki, sem nennir að

Bstj. 2. febrúar 2009

vinna og hefur áhuga á fleiru heldur en að græða á náunganum sem gefur kost á sér til starfa í Borgarstjórn Reykjavíkur.

En ég þakka fyrir þessa umræðu og ég hlýt að taka þátt í því með borgarstjórn ef að hún ætlar samhljóða og einróma að vísa tillögu minni til forsætisnefndar, en með þá ósk í brjósti að það verði gengið hratt til verks, þannig að við sitjum ekki uppi eftir kosningar með borgarfulltrúa sem ekki hafa hreinan skjöld í fjármálum og iðka fjárplógsstarfssemi en ekki heiðarleg vinnubrögð í þágu borgarbúa.

Forseti: Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lokið máli sínu. Fleiri hafa ekki óskað eftir að taka til máls og þá er tillaga um að vísa málinu til meðferðar í forsætisnefnd borin upp. Þeir sem samþykkja hana gefa merki. Tillagan er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum, 15 atkvæðum.